



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

68. fundur.

að Hlíðavegi 6, 12. janúar 2006, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fjárhagsáætlun 2006 seinni umræða
3. Fjárhagsáætlun Hérðasnefndar
4. Bréf frá Landeigendur Reykjahlíð v/niðurfellingar fasteignagjalda
5. Ákvörðun fasteigna- og þjónustugjalda 2006
 - a) Fasteignaskattur skv. a-lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfél. nr. 4/1995
 - b) Fasteignaskattur skv. b-lið 3. gr. sömu laga
 - c) Vatnsgjald
 - d) Holræsagjald
 - e) Lóðaleiga
 - f) Sorphirðugjöld
6. Fundrgerð landbúnaðarnefndar frá 22. desember
7. Skólaskstur Sjónarhóll
8. Fráveitumál
9. Gestastofa/Upplýsingamiðstöð
10. Samstarf Skútustaðahrepps, Þingeyjarsveitar og Aðaldælahrepps um minkaveiðar
11. Stofnskjal v/lóð Reynihlíð

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 11. yrði bætt á dagskrána.

2. Fjárhagsáætlun 2006 seinni umræða.

Samkvæmt niðurstöðum fjárhagsáætlunar eru um 17 milljónir króna handbærar frá rekstri á þessu ári.

Oddviti gerði að tillögu sinni að fjárhagsáætlunin yrði samþykkt eins og hún lægi fyrir. Í forsendum fjárlaga er ekki gert ráð fyrir gjaldskrárhækkunum öðrum en hækkun á fasteignagjöldum.

Samþykkt með þremur atkvæðum E-lista, fulltúar O-lista sátu hjá.

Fulltrúar O-lista lögðu fram eftirfarandi bókun.

Við fulltrúar O-listans getum ekki samþykkt fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun. Við mótmælum hækkun fasteignagjalda, a-gjöld úr 0,5% í 0,63%, og c-gjöld úr 1,5% í 1,65%, einnig efumst við um að náist utanum útgjöld í refa – og minkaeyðingu eins og fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir.

Böðvar Pétursson
Birkir Fanndal

3. Fjárhagsáætlun Hérðasnefndar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við áætlunina.

4. Bréf frá Landeigendur Reykjahlíð v/niðurfellingar fasteignagjalda.

Borist hefur bréf frá Landeigendum Reykjahlíðar ehf. þar sem óskað er eftir niðurfellingu á fasteignagjöldum á þeim eignum Kísiliðjunnar hf. sem rifin hafa verið.

Samkvæmt þágildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, hefði átt að greiða fasteignagjöld af fasteignum Kísiliðjunnar hf. út árið 2005.

Sveitarstjórn telur sig hafa komið verulega til móts við LR ehf. með niðurfellingu fasteignagjalda frá afskráningardegi 18. okt. s.l.

Erindinu er hafnað. Oddviti og Birkir véku af fundi við afgreiðslu málsins og Þuríður Snæbjörnsdóttir tók sæti oddvita.

5. Ákvörðun fasteigna- og þjónustugjalda 2006,

Oddviti gerði eftirfarandi tillögu um fasteigna- og þjónustugjöld fyrir árið 2006.

- a) Fasteignaskattur skv. a-lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfél. nr. 4/1995, með síðari breytingum, 0,63% af fasteignamati.
- b) Fasteignaskattur skv. b-lið 3. gr. sömu laga, 0,44% af fasteignamati.
- c) Fasteignaskattur skv. c-lið 3. gr. sömu laga, 1,65% af fasteignamati.
- d) Vatnsgjald, 0,15% af fasteignamati.
- e) Holræsagjald, 0,225% af fasteignamati.

- f) Lóðaleiga, kr. 7,00 á m².
- g) Sorphirðugjöld
 - A. Íbúðir kr. 13.900,- á íbúð
 - B. Fyrirtæki skv. eftirfarandi flokkum.

Flokkur.	a) kr.	13.900,-
	b) kr.	38.100,-
	c) kr.	69.300,-
	d) kr.	127.000,-
	e) kr.	248.300,-
	f) kr.	375.400,-

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

Ákveðið er að innheimta heilbrigðiseftirlits- og umhverfisgjöld af fyrirtækjum vegna gjaldaársins 2006, eins og heimilt er skv. lögum.

Samþykkt með þremur atkvæðum E-lista.

6. Fundrgerð landbúnaðarnefndar frá 22. desember.

Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktunar.

7. Skólaakstur Sjónarhóll.

Vegna aðstæðna sem ítrekað hafa skapast í vetur er samþykkt að greiða fyrir fimm km. á dag skólaárið 2005/2006.

8. Fráveitumál.

Nokkur umræða varð málið. Samþykkt að kanna nánar ástand rotþróa í hreppnum og vinna að því að sveitarfélagið yfirtaki, og beri ábyrgð á tæmingu.

9. Gestastofa/Upplýsingamiðstöð.

Oddviti sagði frá fundi sem hún átti með stjórn Ferðamálafélags Mývatnssveitar, Árna Bragasyni frá UST og Gunnari Jóhannssyni frá AÞ. Árni gerði þar grein fyrir starfsemi ársins 2006 og fyrirhugaðri ráðningu landvarðar í heilsársstarf, ásamt vísi að gestastofu til bráðabirgða meðan unnið er að varanlegri lausn.

Eftirfarandi bókun var samþykkt.

Sveitarstjórn fagnar því að loks hylli undir ráðningu landvarðar í heilsársstarf, í Mývatnssveit en fyrir því hefur verið barist í mörg ár. Jafnframt að skriður virðist vera að komast á framtíðar uppbyggingu á gestastofu/upplýsingamiðstöð á einum fjölsóttasta stað á Íslandi. Sveitarstjórn lýsir sig tilbúna til að koma að málinu, megi það verða til þess að flýta fyrir því.

10. Samstarf Skútustaðahrepps, Þingeyjarsveitar og Aðaldælahrepps um minkaveiðar.

Oddviti sagði frá fundi sem hún átti með fulltúum sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar þar sem rætt var um hvort þessi þrjú sveitarfélög geti átt með sér samstarf um eyðingu minks.
Samþykkt að taka þátt í viðræðunum.

11. Stofnskjal v/lóð Reynihlíð.

Borist hefur bréf frá Regula lögmannsstofu f.h. eigenda Reynihlíðar þar sem óskað er eftir staðfestingu skipulagsyfirvalda á lóð undir og umhverfis íbúðarhúsið í Reynihlíð.
Sveitarstjórn samþykkir uppdráttinn.

Fleira ekki gert.
Fundu slitið.
Guðrún María Valgeirsdóttir
Jón Óskar Ferdinandsson
Kristján Stefánsson
Birkir Fanndal
Böðvar Pétursson